

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 1. júní 2022

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál

Matvælaframleiðsla á Íslandi fer að stórum hluta fram í hinum dreifðari byggðum. Flestir þeir þættir sem nefndir eru í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 tengjast því með beinum hætti þjónustu sem matvælaframleiðsla þarfnast til að geta sinnt sínu hlutverki.

Bændasamtök Íslands telja margt jákvætt að finna í hinni stefnumótandi byggðaáætlun en þó eru þar atriði sem samtökin hafa verulegar áhyggjur af. Bændasamtökin benda þannig á að í áætluninni er ekki að finna sérstakar aðgerðir til jöfnunar flutningskostnaðar. Eins og sjá má í yfirliti úr fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026 er ekki að finna þar aukin fjárframlög til málaflokksins. Þó má ljóst vera að til þurfa að koma verulega auknir fjármunir í jöfnun flutningskostnaðar til að halda raungildi greiðslna og til að koma til móts við hækkandi eldsneytisverð svo eitthvað sé nefnt. Þessi staða veldur sérstaklega áhyggjum þar sem aðföng í landbúnaði hafa hækkað gríðarlega á síðustu mánuðum og fyrirséð að flutningskostnaður geri það einnig og má því ljóst vera að koma verði til aukin þátttaka ríkissjóðs í jöfnun flutningskostnaðar. Flutningar eru lífæðar landsins enda eru þeir bæði dreifileiðir fyrir aðföng til framleiðenda landbúnaðarvara og aftur fyrir afurðir þeirra til þéttbýlisins.

Bændasamtök Íslands gera einnig athugasemdir við að ekki séu lagðar til markvissar aðgerðir í jöfnun orkukostnaðar í dreifbýli. Jöfnun orkukostnaðar í dreifbýli er mikilvægt málefni þar sem, eins og fram kemur í áætluninni, dreifikostnaður raforku er hærri í dreifbýli en þéttbýli. Jöfnun orkukostnaðar á landsvísu er því stór þáttur í jöfnun búsetuskilyrða auk þess sem slík aðgerð stuðlar að aukinni atvinnuuppbyggingu í dreifðari byggðum. Landbúnaður, sérstaklega tilteknar greinar s.s. garðyrkja, eru mjög háðar raforku og því er það mikilvægt fyrir framþróun og fjölbreytni í landbúnaði að jöfnun orkukostnaðar sé tryggð.

Verði þess óskað eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til að koma fyrir nefndina til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler,
framkvæmdastjóri

Hilmar Vilberg Gylfason
lögfræðingur